

# Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1111

Dagsetning: 5. maí 2026 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

**Fundinn sátu:** Helgi Þorsteinsson (HP), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Ketill Berg Magnússon (KBM), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

**Gestir fundarins:** Fríða Hallgrímsdóttir, þjónustustjóri hjá Stafrænu Íslandi, Guðmundur Marínó Ingvarsson, deildarstjóri deildar rafrænnar þjónustu, Sigurrós Halldórsdóttir, deildarstjóri innkaupastýringar, Bjarma Magnúsdóttir, leiðtogi fasteignþjónustu og Jóhanna Kolbrún Guðmundsdóttir, deildarstjóri reikningshalds og fjárreiðna, sátu fundinn undir lið 4.

## Efni fundarins

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 28. apríl 2026 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

### 2. Fundir vikunnar

Umræður um fundi vikunnar hjá framkvæmdastjórn.

### 3. Starfsmannamál

Umræður um ýmis starfsmannamál.

### 4. Kynning á þjónustukerfi

Fríða Hallgrímsdóttir, þjónustustjóri hjá Stafrænu Íslandi, kom á fundinn til að kynna Zendesk, þjónustukerfi sem meðal annar getur leyst núverandi beiðnakerfi af hólmi. Guðmundur Marínó Ingvarsson, deildarstjóri deildar rafrænnar þjónustu, Sigurrós Halldórsdóttir, deildarstjóri innkaupastýringar, Bjarma Magnúsdóttir, leiðtogi fasteignþjónustu og Jóhanna Kolbrún Guðmundsdóttir, deildarstjóri reikningshalds og fjárreiðna, sátu fundinn undir þessum lið.

### 5. Aðsend erindi

Farið var yfir aðsend erindi. Rætt var um drög að aðgerðaáætlun vegna offitu þar sem HH er ætlað stórt hlutverk. Einnig var upplýst að þegar væri búið að svara fyrirspurn heilbrigðisráðuneytisins um ósjúkratryggða í barneignarferli. Þá hefur heilbrigðisráðuneytið óskað eftir tilnefningu frá HH að fulltrúa í farsóttanefnd ásamt varamanni. Ákveðið var að tilnefna NSK sem aðalmann.

## 6. Heilsugæslan Fjörður

Upplýst var að endurnýjun á lyftu í húsnæði Heilsugæslunnar Fjarðar er lokið. Stöðin mun færa starfsemi sína aftur þangað 8. maí næstkomandi.

## 7. Heilsugæslan Miðbæ

Rætt var um Heilsugæsluna Miðbæ og hlutverk öryggisvarðar sem hefur verið staðsettur á stöðinni undanfarið.

## 8. Heilsugæslan Efra-Breiðholti

Umræður um stöðu Heilsugæslunnar Efra-Breiðholti og aukið samstarf og samþættingu við starfsemina í Heilsugæslunni Mjódd. Óskað hefur verið eftir þarfagreiningu fyrir húsnæði fyrir heilsugæslu í Breiðholti.

## 9. Ýmis fagleg mál

Upplýst var um stöðu ýmissa mála sem verið hafa í vinnslu hjá framkvæmdastjórn.

## 10. Ársfundur HH

Farið var yfir lokadrög að dagskrá ársfundar HH.

## 11. Rekstrarfundur með heilbrigðisráðuneytinu

Undirbúningur fyrir fund um rekstrarmál HH með fulltrúum heilbrigðisráðuneytisins. Farið verður yfir afkomu fyrsta ársfjórðungs, áherslur HH tengt fjárveitingum og húsnæðismál stofnunarinnar.

## Aðgerðir og verkefni

- Tilnefna þarf fulltrúa frá HH í farsóttanefnd, sjá lið 5.  
Ábyrgð: SDM
- Kynna þarf flutning Heilsugæslunnar Fjarðar aftur í sitt húsnæði, sjá lið 6.  
Ábyrgð: BJ
- Vinna þarf áfram að lausn á vanda Heilsugæslunnar Efra-Breiðholti, sjá lið 8.  
Ábyrgð: SDM
- Ljúka þarf undirbúningi ársfundar HH, sjá lið 10.  
Ábyrgð: SDM, HP, KBM, BJ
- Funda þarf með fulltrúum heilbrigðisráðuneytisins um rekstartengd málefni, sjá lið 11.  
Ábyrgð: SDM, HP

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:20.